

Tilkynning frá Skilanefnd Landsbanka Íslands hf. vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um málefni nefndarinnar.

1. Þegar Skilanefnd tók við stjórn Landsbanka Íslands hf. síðastliðið haust voru mörg stór og áriðandi mál sem þurfti ýmist að leysa eða setja í farveg án tafar til að viðhalda verðmætum innan bankans og tryggja áframhald íslensks fjármálaríkis. Eitt af málum sem fyrir Skilanefnd kom var lánveiting bankans til Exista, sem þá þegar var komið í alvarleg vandræði. Gerði Skilanefnd af því tilefni ítarlegan verksamning við lögmann hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur þar sem honum var falið að innheimta kröfur bankans við Exista. Lárentsínus Kristjánsson vék sæti í Skilanefnd við umræðu og atkvæðagreiðslu um þann samning.
2. Lögmannsstofa Reykjavíkur er ein sú stærsta á Íslandi og þar er mikil reynsla í viðskiptamálum af þessu tagi. Lárentsínus kom hvergi nærri samningsgerð á stofunni vegna málsins. Skilanefndin hefur gert samninga við margar aðrar lögmannsstofur um ýmis verkefni.
3. S.l. haust var verksamningur gerður við LR vegna verkefnisins fyrir Skilanefndina sem byggir á tímagjaldi. Í samningnum er ákvæði sem mælir fyrir um að innheimtukostnaður verði aldrei greiddur af bankanum umfram tímagjald lögmannsins. LR annast innheimtu gagnvart Exista, eins og aðrar lögfræðistofur, á grundvelli almennrar gjaldskrár fyrir lögfræðipjónustu.
4. Um er að ræða formbundna innheimtukröfu eins og tíðkast hjá lögmannsstofum, sem jafnframt tekur mið af fjárhæð þeirrar kröfu sem undirliggjandi er. Í ljósi aðstæðna má búast við, skv. innheimtusamningnum, að málið fari í þann farveg að LR fái tímagjald fyrir þjónustu sína eða miklu lægri fjárhæð en sem nemur heildartölunni í hinni formlegu kröfugerð. Ef krafan ásamt innheimtukostnaði innheimtist að fullu verður kostnaðurinn greiddur af skuldara, ekki af bankanum.
5. Exista hefur verið í viðræðum við kröfuhafa um greiðslu krafna þeirra. Þær niðurstöður hafa ekki leitt til ásættanlegrar niðurstöðu að mati Skilanefndar Landsbanka Íslands hf. og var krafan því, sem var í vanskilum, send í lögfræðinni innheimtu eftir að Skilanefndin hafði gert sérstakan innheimtusamning í því skyni að lágmarka kostnað bankans af innheimtunni. Fram hefur komið í fjölmiðlum varðandi Exista, sem er í nauðasamningum við kröfuhafa, að kröfur á félagið séu mun hærri en eignir þess. Krafan um innheimtukostnað verður að skoðast í því samhengi.

